

Sp.

190. Tillaga til þingsályktunar

[152. mál]

um rannsókn á fiskverði á Íslandi og í Noregi.

Flm.: Jón Skaftason, Helgi Bergs, Björn Pálsson, Ingvar Gislason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka í samráði við fulltrúa fiskseljenda og fiskkaupenda, í hverju mismunurinn á fiskverði hér og í Noregi liggur.

Skal rannsókn þessi m. a. beinast að:

- a) samanburði á aðstöðu íslensks fiskiðnaðar við hinn norska, að því er tekur til opinberra álaga, ríkisstyrkja, tækniþróunar, lánakjara og lánsmöguleika, markaðsaðstöðu o. fl.,
- b) mati á gæðum vinnsluhráfnis íslensks og norsks fiskiðnaðar.

Greinargerð.

Fiskverðið hefur lengi verið deiluefni á Íslandi og verður vafalítið svo framvegis. Fiskseljendur hafa talið sig fá of lítið fyrir aflann, en fiskkaupendur telja sig oft greiða umfram getu.

Þessi andstæðu sjónarmið hafa birzt greinilega við verðákvarðanir í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins, þar sem sjaldnast hefur náðst samkomulag milli fulltrúa fiskseljenda og fiskkaupenda og verðákvörðunin byggzt á afstöðu hins hlutlausa oddamanns, sem ýmist hefur greitt atkvæði með fulltrúum fiskseljenda eða fiskkaupenda.

Ekkert vafamál er, að bæta þarf nú kjör sjómanna verulega til samræmis við kjarabætur launþega í landi. Telja sumir 20—25% fiskverðshækkun nauðsynlega í því skyni. En þólin greiðslugeta útvegsmanna og fiskkaupenda það?

Ofsaverðbólgan, sem hér hefur flætt yfir að undanfögnu, hefur ekki sízt skilið eftir spor í afkomugrundvelli sjávarútvegsins. Þannig hefur olíukostnaður flotans hækkað á einu ári um 30—40%, viðhaldskostnaður um 40%, kauptrygging um 22%, og stórauknar eru iðgjaldagreiðslur í lífeyrissjóði. Hækkun fiskverðs til þess að mæta þessum rekstrarkostnaðarhækkunum bátanna eru enn langt á eftir og sitt sýnist hverjum um fjárhagsgetu fiskkaupenda til þess að mæta þessum rekstrarkostnaðarhækkunum með herra fiskverði. Ljóst er, að fáir sjómenn ekki tilsvarendi kjarabætur og launþegar í landi hafa fengið, þá verður flotinn ekki mannaður.

Fiskverðið ræður mestu um kjör sjómanna, því að kaup þeirra miðast við það. Hafa sjómenn og útvegsmenn iðulega gagnrýnt langt um lægra fiskverð héraendis en t. d. í Noregi.

Eftir þeim upplýsingum, sem við höfum fengið um fiskverð hér og í Noregi, þá líta dæmin þannig út:

Noregur.

Lágmarksverð verðlagstímabilið 19/10 1970 til 24/1 1971. Innifalið í verðinu eru 20 norskir aurar pr. kg í ríkisstyrk (stimuleringstillegg) og 10 norskir aurar pr. kg í ríkisstyrk (vanskelighetstillegg), þ. e. stuðningur við fiskimenn til úthalds á erfiðum útgerðartímabilum:

I. Nýr þorskur yfir 58 cm í frystingu, söltun o. þ. h.	pr. kg n. kr.	1.65
II. a. Nýr þorskur 43—58 cm í frystingu	— — —	1.55
b. Nýr þorskur 43—58 cm í salt	— — —	1.45
III. Ný ýsa í frystingu	— — —	1.75

Ef reiknað er með 12 ísl. kr. til hagræðis í 1 norskri kr., sést, að fiskverðið norska, með ríkisstyrk talið, er á þessum fisktegundum frá ísl. kr. 17.40 pr. kg í 21.00 kr. pr. kg.

Ísland.

Gildandi lágmarksverð nú:

I. a. Nýr þorskur yfir 57 cm slægður með haus (1. flokkur) ..	pr. kg kr.	7.70
b. Nýr þorskur yfir 57 cm óslægður með haus (1. flokkur)	— — —	6.35
II. a. Nýr þorskur yfir 57 cm slægður með haus (2. flokkur)	— — —	6.40
b. Nýr þorskur yfir 57 cm óslægður með haus (2. flokkur)	— — —	5.30
III. a. Ný ýsa yfir 50 cm slægð með haus (1. flokkur)	— — —	9.05
b. Ný ýsa yfir 50 cm óslægð með haus (1. flokkur)	— — —	7.50
IV. a. Ný ýsa yfir 50 cm slægð með haus (2. flokkur)	— — —	7.55
b. Ný ýsa yfir 50 cm óslægð með haus (2. flokkur)	— — —	6.25

Af þessum samanburði sést, að fiskverðsmunurinn hér og í Noregi er mjög mikill. Sá mismunur er vafalaust af mörgum og mismunandi ástæðum, sem rannsóknin á að gefa upplýsingar um, svo að hægt sé að bera fiskverðið saman í þessum tveim löndum á sambærilegum grundvelli. Að því miðar tillagan. — Nánar í framsögu.